

# TRÚNAÐARRÁÐ EFLINGAR

## FRÉTTABRÉF

### Fundur Trúnaðarráðs 19. maí

Næsti fundur trúnaðarráðs verður á miðvikudaginn 19 maí klukkan 19:30 á Zoom. Þetta verður síðasti fundur vetrarins og dagskrá er eins og hér segir:

- Innra starf Eflingarfélaga – reynsla vetrarins og hvernig við byggjum á henni (Viðar Þorsteinsson)
- Önnur mál


**Endilega skráðu þig á fundinn hér!**



### Aðalfundur Eflingar 2021 samantekt

Aðalfundur Eflingar fór fram þann 6. maí síðastliðinn í fjarfundabúnaði zoom. Sólveig Anna fór yfir starfssemi félagsins síðasta ár og áhrifin sem heimsfaraldur covid-19 hafði á hana. Nýskipuð stjórn Eflingar og listi yfir fulltrúa í trúnaðarráði 2021-2022 var kynntur. Tilkynnt var um að fráfarandi stjórnarmaður Þorsteinn M. Kristjánsson, hafi verið gerður að heiðursfélaga Eflingar stéttarfélags. Þú getur nálgast frekari upplýsingar um fundinn [hér](#).

Ársskýrsla Eflingar var gefin út fyrir fundinn og hana má nálgast [hér](#).



### Fjölmennning á vinnumarkaði

Guðrún Margrét Guðmundsdóttir, sérfræðingur hjá ASÍ fór yfir breytta samsetningu fólks á vinnumarkaði samfara mikilli fjölgun innflytjenda á Íslandi. Auk þess var rætt um hnattvæðingu, fólksflutninga, fjölmenningu og samþættingu.

**Sjáðu upptöku af erindinu hér**





## Taktu dagana frá: SGS þing - 20-22. október 2021

Stefnt er að því að þing Starfsgreinasambands Íslands verði dagana 20-22. október 2021 á Akureyri. Efling getur tilnefnt 60 fulltrúa til þátttöku. Greitt er fyrir flug og gistingu. Félagsmenn geta tilnefnt sig sem fulltrúa á þingið með því að senda tölvupóst á [felagssvid@efling.is](mailto:felagssvid@efling.is) með:

- Fullt nafn
- Kennitala
- Vinnustaður

Trúnaðarráðsfélagar eru sérstaklega hvattir til að tilnefna sig.



## Fyrsti maí með breyttu sniði

Í ár, í annað sinn þurftum við að halda baráttudag verkalyðsins hátíðlegan með breyttu sniði, í sjónvarpi og á samfélagsmiðlum. Efling útbjó **myndband** í tilefni dagsins með frásögnum Eflingarféлага af mismunandi uppruna. Fréttablaðið birti **grein** eftir formann Eflingar þar sem hún kallaði eftir samstöðu verkafólks gegn spilltum hagsmunaöflum á Íslandi. Varaformaður Eflingar var að auki **í viðtali** þar sem hún fór yfir stöðu erlendra féлага, 1. maí, verkföll og stéttarfélagstarfið.



## Endurgreiðsla félagsgjalda og sumarfrí

Endurgreiðsla á félagsgjaldi í hlutfalli við mætingu á fundi trúnaðarráðs verður gerð upp í júní samkvæmt reglugerð. Reglugerð varðandi endurgreiðsluna má nálgast **hér**.

Trúnaðarráð fer í sumarfrí eftir þennan fund og kemur aftur saman í september 2021.

Gleðilegt sumar! Sjáumst í haust!